

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	21. október 2022 kl. 12:00-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	04
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir og Gunnar Einarsson <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson. <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir lögfræðingur, Finnur Árnason formaður stjórnar NLSH (liður 2), Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís Guðmundsdóttir (liður 5). <u>Fjarverandi</u> :
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá auk umfjöllunar

1. Fundargerð 3. fundar

Samþykkt.

Óskað eftir því að fundargerðir og fundargögn berist stjórnarmönnum tímanlega fyrir fundi.

2. NLSH – kynning

Myndband sýnt sem að lýsir verkefninu. Glærur kynntar. Umræður.

Mikilvægi notendahönnunar áréttuð og aðkomu klínísku hliðarinnar til að tryggja þarfir þjónustunnar.

Nýting eldri bygginga rædd og þörf fyrir samtal við klínísku starfsmennina í því samhengi. Mikilvægi aðkomu spítalans að því ferli áréttuð.

Aukin aðkoma Landspítala að uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut rædd og mikilvægi þess að klínískar þarfir séu hafðar að leiðarljósi í öllum þáttum ferlisins, t.d. við tækjakaup. Einnig rætt um mikilvægi sveigjanleika í hönnun en formaður NLSH tók fram að sveigjanleiki hefði verið hafður að leiðarljósi við hönnun rannsóknarkjarnans til þess að hægt væri gera breytingar í tímans rás. Rætt um mikilvægi þess að

Þjálfun starfsfólks hefjist tímanlega svo nýting nýs húsnæðis geti gengið greitt fyrir sig eftir opnun spítalans. Einnig rætt um fjölda upplýsingatækniþerfa spítalans og mikilvægi framþróunar á því sviði.

3. Nýtt skipurit Landspítala

Drög að nýju skipuriti kynnt og rædd. Stjórnin sammála um áherslur í nýju skipuriti, klínískra starfsemin skuli vera í forgrunni. Stöðuheiti í skipuriti rædd og niðurlagning starfa. Stjórn lagði áherslu á að leiðtogar klínískra sviða verði framkvæmdastjórnar.

Samráð við stjórnendur innan Landspítala um nýtt skipurit rætt og hvernig viðtökurnar hafi verið. Ánægja með þróunarsvið og sameiningu fjármála og mannauðs. Mikil áhersla hafi verið lögð á stöður framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga meðal starfsmanna.

Rætt um hvernig nýtt skipurit samrýmist skipulagi nýs spítala. Talið að það fari vel að skipulagi nýs meðferðarkjarna.

Stjórnin fagnar því að málefni vísinda verði færð undir forræði forstjóra.

Bókun: Stjórn samþykkir nýtt skipurit þar sem starfi 11 framkvæmdastjóra, 7 klínískir framkvæmdastjórnar og 4 framkvæmdastjórnar stoðsviða, sem styðji við klínískra hlutann.

4. Starfsáætlun stjórnar

Stjórn leggur áherslu á að unnin verði starfsáætlun sem komi til samþykktar á næsta fundi þar sem fjallað verði um skilgreind verkefni stjórnar og með hvaða hætti stjórnin hafi í hyggju að vinna að þeim verkefnum.

Stjórn kallar eftir yfirliti yfir stefnumál og stöðu verkefna. Einnig óskað eftir fundi með McKinsey til að fara yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslu um framtíðarþjónustu Landspítala.

5. Staða fjármála Landspítala – kynning

Staða fjármálaáætlunar kynnt sem og umgjörð og vinnulag. Tímalínan og aðkoma stjórnar að fjármálaáætluninni rædd.

Utanhald um fjárveitingar til vísindastarfs rætt og mikilvægi gagnsæis hvað það varðar.

Hlutverk spítalans varðandi leyfisskyld lyf skýrt og rætt sem og staða fjármögnunar leyfisskyldra lyfja.

DRG innleiðing rædd. Skráning áhyggjuefni en verið að grípa til aðgerða til að styrkja skráninguna, bæði verið að hvetja fólk til að skrá meira en einnig verið að ráða fleiri heilbrigðisgagnafræðinga sem sjá um skráningu.

6. Tillögur átakshóps um starfsemi bráðamóttökunnar

Kallað eftir stöðunni á 6 tillögum úr átakshópnum frá 2020. Rætt um megintillögu hópsins og hvernig brugðist hefur verið við innan spítalans. Farsóttin hafði mjög hamlandi áhrif á innleiðingu þeirra tillagna sem lagðar voru fram af hálfu átakshópsins.

7. Önnur mál

-Breytt dagsetning næsta fundar. Fundur verður 2. desember, kl. 13-15.

-Drög að starfsreglum stjórnar sem lagðar voru fram á fyrri fundi samþykktar.

Bókun: Stjórnin vill skoða nánar hátt hlutfall hlutastarfa og fá kynningu á næsta fundi þar sem fjallað verður um áhrif þessa, þ.e. kostnaðaráhrif, áhrif á gæði þjónustu og önnur áhrif, hás hlutfalls hjúkrunarfræðinga og lækna sem eru í hlutastarfi.

-Samskipti við fjölmiðla rædd. Stjórnin sammála um að formaður stjórnar sé talsmaður hennar út á við og gagnvart fjölmiðlum.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 2. desember kl. 13.

Fundi slitið kl. 15:35